

Skýrsla um skógræktina á Hallormsstað og skógræktarumdæmi V 1918.

Skógurinn: Grisjun hefur farið fram í Hólunum, áfarmhald frá í fyrra. Einnig í Partinum upp af Langasandi. Einnig grisjab svæði í Flataскóginum milli Gvendargjótu og Hesthúslækjar. Í suðurskóginum hefur líka verið haldit áfram á sömu svæðum. Trén í gamla skóginum fyrir norðan bæinn, sem merkt voru í sumar hafa öll verið höggvin, en þau í suðurskóginum er merkt eru standa enn þá.

Víðarflutningur: Af raftavið þeim sem höggvin var í sumar leit og átti að flytja til Reyðarfjarðar og þaðan til Reykjavíkur komust aðeins ca. 9 tonn. Mótórbáturinn á Lagarfljóti strandaði í ondverðum júlí og var þá tekið algjörlega fyrir flutning frá Hallormsstað. En keyrslumaðurinn, sem ég hafði samið við um flutninga yfir Fagradal þóttist ekki bundinn við loforð sitt lengur, og hætti keyrslu pegas búið var að aka áðurnefndum 8-9 tonnum. Varð ég því að hætta flutningi, en reyndi árangurslaust, að fá hesta til keyrslu á við úr Egilsstáðaskógi. Var því aðeins höggvið þar ca. 3 tonn af gildum við, en af þeim komust 0.9 tonn til Reyðarfjarðar og seldi ég það Kristjáni lækni á Seyðisfirði. Úr skóginum hér voru fluttir að Lagarfljóti ca. 220 hestb. allsaf gildum við og 50 hestb. af toppstýfðum hrís. 40 hestb. af því selt lækninum á Brekku.

Gírðingin þurfti minni viðgerðar, en vanalega, því veturinn í fyrra var snjóminni, en tíðast er hér.

Frað var ekkert á skóginum í sumar, enda var sumarið allt óvenju kalt. Voríð var að vísu gott hér Austanlands, og skógurinn grænkaði með fyrsta móti, en fyrri Þart júní gengu miklir kuldatímar og eftir byrjun júlimánaðar mátti heita sífeld kuldatið, allt til september-loka. Þetta er því fjóraða sumarið sem ekkert frað hefur þroskast, eða ekki síðan 1914. sbr. skýrslu mína í fyrra.

Máðkur var mjög lítil í skóginum, mátti heita að mestu horfinn, eftir hina miklu árás hans sumurin 1915 og 1916. Í fyrra var hann minni. Þrátt fyrir það þótt skógurinn væri að mestu sloppinn við máðkinn varð árvöxtur í minna lagi og víða sást kal á efstu ársprotunum, eftir hinn frostharða vetur s.l., skall ofaná versta sumar og haust og sennilegt að þeir hafi ekki þroskast í fyrra sumar, þess vegna ekki þolað harðan vetur.

Mælingar: Benekikt Blöndal búfræðingur, sem ég fékk til að mæla skógin, samkvæmt leyfi skógræktarstjórans, mældi nálægt helming landsins hér, sem afgirt er. En varð þá að hætta vegna ótíðar. Hann byrjaði mælingar aður en fengið var leyfi skógræktarstjóra og mældi með blutfallinu 1:5000, en samkv. fyrirmælum skógræktarstjóra

er gert að skilyrði að mælt sé með 1:4000. Hef því engan samning gert um mælinguna og bíður það næsta sumars, ef þá fengist sami maður eftir samningi á líkum grundvelli.

Græðireiturinn: Sáð var ca. 3 pd. af reyniviðarfræi og 10 pundum af birkifræi úr Öræfum. Birkifræid kom vel upp, en plönturnar náðu litlum þroska vegna kuldanna í sumar. Reyniviður sem sáð var til í fyrra kom upp í vor.

Dreift var:	birki	2000	stk.
	Reynir	900	-
	Víðir	250	stk.
	Ribs	200	-
	Hegg	50	-

Hin miklu frost og snjóleysi í fyrra komu einnig niður á trjágróðrinum. Hér urbu miklar skemdir í græðireitnum. Mestur hluti furunnar og lævirkjans kól svo að varla nær sér aftur, sama var auðvitað um greni. Rjúpur höfðu skemmt mikil af birkidlöntum í græðireitnum, bitið af efsta brumið. Þær höfðu líka kalið mikil, einkumf vegna þess. Íslenski reyniviðurinn hafði minnst kalið.

Af þessum ástæðum og kuldunum í sumar var allt framfaralítis.

Látnar út úr græðireitnum:	Víðir	70	stk.
	Lævirki	18	-
	Birki	120	-
	Reyniv.	364	-
	Furu	19	-
	Greni	14	-
	Ribs	4	-

Byggingar: Steyptur reykháfur í timburhúsið, í stað þess sem aður var. Oliuborin gólf, kittadír gluggar og settar nokkrar rúður, sem vantaði.

Hallormsstað 11. janúar 1919,  
Guttermur Pálsson.